

Fundur íþróttá- og tómstundanefndar Langanesbyggðar haldinn í íþróttamiðstöðinni Veri miðvikudaginn 9. september kl. 16:00.

Mætt voru Linda, Heiðrún, Ragnar og Halldóra sem ritaði fundargerð. Sóley, Hulda og Hilma boðuðu forföll.

1. Innsent erindi frá íbúa Langanesbyggðar um opnunartíma sundlaugar um helgar í vetur:

Eypór forstöðumaður íþróttamiðstöðvarinnar mætti á fundinn. Ræddar voru ýmsar hliðar á opnunartíma sundlaugarinnar um helgar, hvort lengja ætti opnunartímann á laugardögum eða opna á sunnudögum. Ákveðið að beina því sveitarstjórnar að hafa opið á sunnudögum frá 11 – 14 í þrjá mánuði til tilraunar, þ.e. október til desember.

2. Íþróttahúsið, vetrarstarfsemin:

Lítið er búið að skipuleggja, aðeins eitt badminton/tennisnámskeið frá Þekkingarsetri Þingeyinga. Fimleikaæfingar eru hafnar en þær þarf að auglýsa. Ákveðið var að halda dansnámskeið í nóvember í samvinnu við skólann. Einnig var ákveðið að kynna morgunsund. Hvetja þarf fólk til að taka sig saman um að stunda hreyfingu í þróttahúsinu.

3. Félagsmiðstöðin Svartholið:

Rætt um skipulag til jóla og samstarf við grunnskólann, stuttmyndakeppnina Stulla og fleira.

4. Menningarráð Eypings, aukaúthlutun:

Kynnt var aukaúthlutun menningarráðsins sem varðar verkefni á tímabilinu frá október til janúar.

5. Önnur mál:

a) Tónlistarnám fyrir almenning: Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að kannað verði hvort fleiri en grunnskólabörn geti fengið tónlistarkennslu.

b) Göngum í skólann: Það verður tekið fyrir í skólanum ef tími vinnst til.

c) Halldóra greindi frá hugsanlegumskipulagsbreytingum á starfi æskulýðs- og menningarfulltrúa.

Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 7. október kl. 16:00, stefnt á að hafa hann í Þórsveri.